

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag íþróttasvæðis Fjallabyggðar í Ólafsfirði.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 12. mars 2020, deiliskipulag íþróttasvæðis í Ólafsfirði. Deiliskipulagið felur í sér að skilgreina byggingarreiti fyrir mannvirki sem tilheyra íþróttasvæðinu, staðsetningu gervigrasvallar og æfingavallar ásamt göngustígum og bílastæðum. Einnig er gert ráð fyrir lýsingu á svæðinu til að auka möguleika á notkun þess í skammdeginu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Fjallabyggð, 17. apríl 2020.*

**Íris Stefánsdóttir**, skipulags- og tæknifulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. maí 2020